

# Rafvending

Rafvending er gerð hjá einstaklingum með gáttatif eða gáttaflökt til að koma hjartslætti þeirra í reglulegan takt aftur. Einkenni um óreglulegan hjartslátt geta verið hraður og óreglulegur púls, svimi, minna úthald, máttleysi, mæði og brjóstverkur. Hjartsláttaróregla getur komið bæði í hvíld og við áreyntu.

Ef innan við einn til tveir sólahringar eru síðan hjartsláttaróregla byrjaði er hægt að rafvenda.

Ef hjartsláttaróregla hefur varað lengur en tvo sólahringa er gefið blóðþynningarlyf í 3-4 vikur áður en rafvending er gerð til að minnka hættu á myndun blóðtappa. Til eru mismunandi tegundir blóðþynningalyfja en læknir tekur ákvörðun um meðferð og veitir upplýsingar um notkun lyfsins.

## Blóðþynningarmeðferð með Kóvar

Fyrir þá sem taka blóðþynningarlyfið Kóvar tekur alla jafna nokkrar vikur að ná viðunandi blóðþynningu en hún er mæld með INR mælingu. Mælingin þarf að vera innan viðmiðunarmarka (gildi 2-3) í að lágmarki þrjár vikur áður en rafvending er framkvæmd.

Á þessu tímabili þarf því að mæta vikulega í blóðsýnatöku.

## Blóðþynningarlyf

Önnur blóðþynningarlyf eru tekin samkvæmt fyrirmælum hjartasérfræðings eða hjúkrunarfræðings.

Upplýsingar um ávísuð lyf er hægt að nálgast á vefsíðunni [www.heilsuvera.is](http://www.heilsuvera.is)

## **Aðgerðardagur (Rafvending)**

Fastandi frá kl 24:00 en taka inn hjartalyf og blóðþynningu kl 07:00 með smá vatnssopa. Ekki má taka sykursýkislyf fyrr en að lokinni rafvendingu. Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum og öðru.

**Mæting kl 08 í kjallara Landspítal við Hringbraut, Hjartagátt 10D og þaðan vísað í blóðprufu og hjartalínurit. Hafa þarf meðferðis upplýsingar um lyf sem tekin eru. Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum og öðru.**

Haft verður samband símleiðis og gefinn tími í rafvendingu.

### **Fasta**

Nauðsynlegt er að fasta fyrir rafvendingu til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólk liður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefnis kvöldið fyrir rafvendingu.
- Ekki má borða mat frá klukkan 24.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) til klukkan 04. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir komu á spítalann.

Rafvending er gerð í stuttri svæfingu og er gefið eitt til þrjú rafstuð á brjóstkassann til að leiðrétta óreglulega hjartsláttinn. Ekki er hægt að leiðrétta hjartsláttaróreglu hjá öllum einstaklingum en þá er lyfjagjöf oft breytt og rafvending stundum reynd aftur að nokkrum tíma liðnum. Læknir ásamt hjúkrunarfræðingi og svæfingalækni sjá um rafvendinguna. Að rafvendingu lokinni er fylgst með hjartslættinum í hjartarafsja í um 1 klukkustund og hjartalínurit er tekið til að staðfesta árangur rafvendingar fyrir útskrift.

## Útskrift

Flestir geta útskrifast 1-2 klukkustund eftir að þeir vakna.

### Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir svæfingu.

### Húðsvæði

Vægur roði og sviði á bringu getur komið fram þar sem rafstuðið var gefið. Roðinn hverfur fljótt en getur valdið óþægindum fyrst á eftir. Gott er að bera kælandi krem á roðann.

### Blóðþyning

Þeir sem fengu blóðþyningarlyf vegna hjartsláttaróreglu fyrir rafvendingu, þurfa að taka þau áfram í að minnsta kosti 4-6 vikur. Hjartasérfræðingur ákveður hvort þörf er á frekari blóðþyningarmedferð og eftirliti.

### Kostnaður

Greiða þarf fyrir rannsóknina samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

### Símanúmer

Hjartagátt 10D

Sími 543 2050

---

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

---

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI

LYFLÆKNINGASVIÐ

OKTOBER 2017

LYF-597

ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNIR OG DEILDARSTJÓRI

HJARTAGÁTTAR 10D

HÖNNUN:

SAMSKIPTADEILD